

Skipulagsstofnun
Ómar Ingbórsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 4. apríl 2018
UST201803-249/B.S.
08.14.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Jarðgerð – Moldarblöndun. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 13. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Helstu hráefni sem unnið er með eru: Mold, vikursandur, skeljasandshrat, gras, trjákurli og hrossatað. Árlega er unnið úr 7.500 m³ af mold og framleidd 600-700 m³ af moltu.

Við framleiðslu á moltunni er notuð blanda að grasi, trjákurli og hrossataði sem er um 20% af blöndunni.


Helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru hvað varðar sjón- og hljóðmengun ekki önnur en vænta má af slíkri starfsemi. Þar sem hún fer fram nokkuð fjarri íbúðabygg ætti ekki að stafa af henni verulegt ónæði. Þar sem hrossatað er einungis lítill hluti moltunnar er talið að lyktarmengun af framleiðslunni sé óveruleg auk þess sem framleiðslan fer einungis fram yfir hásumarið. Þar sem ekki er nýttur matarúrgangur sækja meindýr ekki í moltuna.


Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að nýta garðaúrgang með þeim hætti sem hér er gert í stað urðunar.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri